

Félag eldri borgara á Akureyri

2. stjórnarfundur EBAK 26. ágúst 2020 kl. 13:00

Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Garðar Lárusson ritari, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Eva B Magnúsdóttir og Birgir Svavarsson.

Ekki mættir: Sigurður Harðarson

1. Fundarsetning kl:13:05

2. Breyting á stjórn.

Nanna B Þórsdóttir meðstjórnandi er flutt til Reykjavíkur og gengur úr stjórninni. Eva B Magnúsdóttir tekur hennar sæti í aðalstjórn.

3. Fundargerðir síðasta stjórnarfundar og aðalfundar bornar upp og samþykktar.

4. Viðvera, samþykkt að halda áfram viðveru á miðvikudögum en fresta þeim þar til starfsemi hefst aftur eftir hádegi. Torfhildur bauðst til að hafa símatíma á miðvikudögum. Hallgrímur tók að sér að koma auglýsingu í Dagskrána.

5. Næsti stjórnarfundur. Samþykkt næsti stjórnarfundur verði 23. september kl.13:00.

6. Frá síðasta stjórnarfundu

a) Landsþing LEB var haldið 30. júní í Reykjavík. Úlfhildur gerði grein fyrir fundinum og þeim samþykktum sem þar voru gerðar.

b) Önnur atriði.

Búið að senda fundargerð aðalfundur og reikninga til Akureyrarbæjar.

Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður tómsfundamála Akureyrar lætur af störfum 1. október. Hún hefur verið í veikindaleyfi í sumar. Halla Birgisdóttir gegnir stöðunni til 1. október. Skipun fulltrúa EBAK í notendaráð verður frestað þar til málefni ráðsins skýrist.

7. Bugðusíða

a) Grill. Keypt var eitt grill til nota í Bugðusíðu og Húsasmiðjan gaf annað.

b) Leiga á sal, verðbreyting. Tillaga um að hækka húsaleiguna um næstu áramót í kr 50.000 og kr. 25.000 fyrir félagsmenn. Samþykkt.

c) Tæknimál. Það þarf að laga myndvarpann í sal og tækjaskáp. Tölvun á skrifstofunni er mjög hægsvirk og þyrfti að endurnýja hana. Samþykkt að Garðar, Helgi og Sigurður kaupi nýja tölvu á skrifstofuna.

d) Skráning þátttöku. Geyma afgreiðslu.

8. Húsnæðismál

a) Lagfæring á húsnæði. Það þarf að lagfæra pall og parket í sal. Búið að tilkynna til Akureyrarbæ sem sér um viðhaldið.

b) Nýsmíði. Það þarf að hefja á ný viðræður við Akureyrarbæ um stækkun á húsnæði.

c) Það er beðið eftir að auglýsa deiliskipulag á hverfi Búfestis þar sem gert er ráð fyrir íbúðum aldraðra.

9. Kynning á EBAK á starfsemi

Kynning starfsemi EBAK 14. september í Bugðusíðu og möguleiki á annarri kynningu í Víðilundi. Kanna möguleika á að streyma kynningunni.

10. Sameiginlegur fundur stjórnar og nefndaformanna í september.

Stefnt að fundi 5. október kl. 13:00.

11 Starfið í vetur

Spjaldtölvukynningar. Stefnt að halda áfram með kynningu á spjaldtölvunotkun í vetur en beðið þar til létt verður á sóttvarnarreglum.

12 Endurskoðun samnings við Akureyrarbæ.

Núgildandi samningur frá 2017 rennur út um áramót. Ýmislegt hefur breyst frá því fyrri samningur var gerður sem kallar á nýjan samning.

13 Sameiginlegur fundur með öldungaráði Akureyrarbæjar.

Fulltrúar EBAK í öldungaráði hafa óskað eftir fundi með stjórn EBAK. Stefnt að því að þeir komi á stjórnarfund í október.

14 Önnur verkefni á fundinum.

a) Starfslokanámskeið FVSA. Félag verslunar og skrifstofufólks á Akureyri ætlar að halda Starfsloka námskeið. EBAK gefst tækifæri að koma á námskeiðið og kynna félagið. Kynningin er til á glærum.

b) Dreifring LEB blaðsins. LEB blaðið og afsláttarbók er komin í hús og búið að búa til límmiða til að merkja blaðið. Samþykkt að ganga í að merkja blöðin eftir stjórnarfundinn og hefja útburð sem allra fyrst.

c) Möppur með ýmsum upplýsingum um félagið var dreift til nýrra stjórnarmanna.

15. Fundi slitið.